

Skipulags- og byggingarfulltrúi  
Árneshreppur  
Norðurfirði  
524 Árneshreppur



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 16. maí 2017  
UST201705-073/K.S.J.  
10.04.03

### Efni: Árneshreppur. Tillaga að deiliskipulagi fyrir Dranga

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa er barst 8. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Dranga í Árneshreppi.

### Lýsing framkvæmdar

Fram kemur í umsókn að sótt sé um óverulega breytingu á aðalskipulagi Árneshrepps sem felur í sér fjölgun á byggingarreitum frístundahúsa í 14, fjöldi áður óskilgreindur. Tillagan gerir ráð fyrir alls 14 frístundahúslóðum, 440 m<sup>2</sup> hver, sem ætluð eru til einkanota. Byggingarreitur er 80 m<sup>2</sup> og aðeins má byggja eitt hús á hverri lóð.


### Áhrifamat

Í nálægð við svæðið eru Drangaskörð en þau eru á náttúruminjaskrá nr. 325.


### Umsögn

Verði skilyrðum laga um náttúruvernd nr. 60/2013 framfylgt og ákvæði reglugerðar nr. 583/2000 um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda virt ásamt góðu verklagi við framkvæmdir metur Umhverfisstofnun það sem svo að tillagan sem slík muni ekki hafa verulega neikvæð áhrif á svæðið né verndargildi svæðis nr. 325 á náttúruminjaskrá.

Umhverfisstofnun bendir á skipulagsreglugerð 4.15.2 þar sem segir að gæta skuli þess að ekki sé byggt nær vötnum, ám eða sjó en 50 m.

  
Þórdís Björt Sigþórsdóttir  
Sérfræðingur

Virðingarfyllst

  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur